

Mánudaginn 16. nóvember 1992.

Nr. 410/1992. **Menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs
gegn
Skarphéðni Ólafssyni.**

Kærumál. Dómari. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. október 1992. Um kæruheimild vísar hann til a-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að nýju.

Varnaraðilinn, Skarphéðinn Ólafsson, gerir sömu kröfur og sóknaraðili, en krefst að auki kærumálskostnaðar.

Héraðsdómari hefur metið það svo, að bróðir sinn, Pétur Gautur Kristjánsson, kunni að vera riðinn við ágreiningsefni aðila á þann veg, að þýðingu geti haft fyrir úrlausn málsins. Með hliðsjón af umfjöllun dómara um dómskjal, þar sem bróður hans er getið, verður að una við það mat, sbr. g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1992.

Samkvæmt gögnum málsins virðist Pétur Gautur Kristjánsson hdl., sem er bróðir dómarans, hafa verið kennari við héraðsskólann á Reykjanesi í skólastjóratíð stefnanda og átt ásamt honum mestan þátt í að stofna menntadeild við skólann, sem, eftir því sem segir í bréfi stefnanda til menntamálaráðuneytis, dags. 22. júlí 1987, „var ekki hátt skrifuð (sic) hjá formanni skólanefndar né sumum skólanefndarmönnum“. Pétur kann

þannig ekki aðeins að búa yfir vitneskju, sem gæti haft þýðingu fyrir málið, heldur jafnvel vera riðinn við ágreiningsefni aðila, sem gætu haft þýðingu um lögmæti lausnar stefnanda. Bréfið er ritað, eftir að skólanefnd hafði veitt stefnanda harða áminningu og farið þess eindregið á leit við hann, að hann segði þegar starfi sínu lausu. Stefndi styður bæði sýknukröfu sína og kröfu um lækkun öðrum þræði þeim rökum, að stefnandi hafi unnið til þess að vera vikið án bóta, enda hafi skilyrði um áminningu verið fullnægt. Hafi áminningin verið háð annmörkum, kann hún að vera gildislaus, og virðist framlagning bréfsins vart geta haft aðra þýðingu í málinu en sýna fram á, að áminningar skólanefndar hafi verið háðar annmörkum vegna óvildar einstakra nefndarmanna í garð stefnanda.

Þótt aðilar hafi ekki óskað eftir að koma að vætti Péturs, kann að verða ástæða til, að dómariinn gefi aðilum kost á því samkvæmt ákæðum 104. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 3. mgr. 101. gr. s. l. Samkvæmt f-lið 5. gr. er dómari vanhæfur til meðferðar máls, ef hann er skyldur vitni að öðrum lið til hliðar.

Þessar aðstæður þykja vera fallnar til að vekja með réttu efa um óhlutdrægni dómarsins. Ber honum þá að víkja sæti í málinu.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn reglulegi héraðsdómari, Steingrímur Gautur Kristjánsson, víkur sæti í máli þessu.
